


HLUTI GILDANDI DEILISKIPULAGS TEIGAHVERFIS, KIRKJUTEIGUR 24, LAUGARNESSKÓLI
SAMÞYKKT Í BORGARRÁÐI 2. JÚLI 2002 - MKV. 1=1000




TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI Á HLUTA TEIGAHVERFIS
KIRKJUTEIGUR 24, LAUGARNESSKÓLI - MKV. 1=1000




HLUTI AÐALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2001-2024

## SKÝRINGAR:

- BYGGINGARREITUR (A)
- BYGGINGARREITUR (B) Á SKÓLALÓÐ ER FYRIR BRÁÐABIRGÐAKENNSLUSTOFUR
- LÓÐARMÖRK
- VERNDUN 20. ALDAR BYGGINGAR
- BRÁÐABIRGÐAHÚSNÆÐI BYGGINGAR SEM HEIMILT ER AÐ FJARLÆGJA
- STÆKKUN BYGGINGARREITS
- oooo GÖNGUSTÍGUR
- – – · AFMÖRKUN DEILISKIPULAGS

## SAMÞYKKTIR:

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í

SKIPULAGS-OG BYGG.N þann 11. ágúst 2004 og

í Borgarráði þann 17. ágúst 2004.

Tillagan sem var auglýst frá 5. maí 2004 með

athugasemdafresti til 16. júní 2004.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann _________ 2004.

Helga Bragadóttir

# KIRKJUTEIGUR 24
# 105 REYKJAVÍK
# LAUGARNESSKÓLI

## HLUTI SKIPULAGSUPPDRÁTTAR DEILISKIPULAGS

VERK NR: 236 - 1
KVARÐI: 1:1000
DAGS: 12. APRÍL 2004
BREYTT: DAGS: 31. ÁGÚST 2004 SAMKVÆMT ATHUGASEMDUM SKIPULAGSSTOFNUNAR

ARKITEKTAR HJÖRDÍS & DENNIS
DENNIS DAVÍÐ JÓHANNESSON ARKITEKT FAÍ, KT:290746-4429
HJÖRDÍS SIGURGÍSLADÓTTIR ARKITEKT FAÍ, KT:151056-7849
KLAPPARSTÍG 27, 101 REYKJAVÍK
SÍMI 562 3211 FAX 561 8154 NETFANG arkhd@arkhd.is

## GREINARGERÐ:

Deiliskipulagsbreyting þessi tekur til lóðar Laugarnesskóla að Kirkjuteigi 24 og Leikskólans Hof að Gullteig 19.

### MARKMIÐ:

Aðgengi og umferð: Að tryggja góða aðkomu að skólanum bæði fyrir fótgangandi og akandi umferð.
Öryggi: Að haga skipulagi þannig að gönguleiðir barna að skólanum verði öruggar.
Bílastæði: Að tryggja starfsmönnum næg bílastæði á lóðinni.
Aðlögun: Að tryggja að nýbyggingin falli vel að eldri byggingunni.

### NÚVERANDI SKILMÁLAR KIRKJUTEIGS 24, LAUGARNESSKÓLA SAMKVÆMT SAMÞYKKTU DEILISKIPULAGI Í BORGARRÁÐI 2.JÚLI 2002

Núverandi stærðir/nýting skv. FMR í sept. 2001.
Stærð lóðar=27.611,0 fm.
Fermetrar á lóð=4.030,7 fm
Nýtingarhlutfall=0,14(0,1)
Á lóðinni er gert ráð fyrir að vernda aðal skólabygginguna (sjá verndun 20.aldar bygginga, kafli 3.3.2) en aðrar byggingar á lóðinni má fjarlægja/rífa.
Á lóðinni er einnig gert ráð fyrir byggingarreit (A) og byggingarreit (B).
Byggingarreitur (A) gerir ráð fyrir tveggja hæða skólabyggingu, með kjallara og lágu risi. Stærð reitsins (sjá skipulagsuppdrátt).
Núverandi samsíða bygging er með vegghæð um 9,3 m. Gert er ráð fyrir að nýbyggingin verði ekki hærri en núverandi bygging. Bilið á milli núverandi byggingar og byggingarreits er 3m, þar má gera ráð fyrir tengibyggingu úr gleri.
Innan byggingarreits(B) er gert ráð fyrir einnar hæða bráðabirgðakennslustofum með kjallara. Stærð reitsins (sjá skipulagsuppdrátt).
Á lóðinni er gert ráð fyrir fjölgun bílastæða. Miðað er við eitt bílastæði á hverja 35 fm. fyrir nýbyggingu. Gera má ráð fyrir að bílastæðin við Kirkjuteig verði stækkuð, einnig er gert ráð fyrir að fjölga bílastæðum við Gullteig.

### BREYTTIR SKILMÁLAR LÓÐAR LAUGARNESSKÓLA, KIRKJUTEIGS 24: DAGS. 12. APRÍL 2004.

1. Stækkun á byggingarreit A til norðurs um 2 m og vesturs um 3 m.
2. Stækkun á byggingarreit B til suðurs um 30 m. Gert er ráð fyrir að bráðabirgðakennslustofur verði færðar og staðsettar á austurhluta lóðar á meðan á framkvæmdum stendur.
3. Fjölgun bílastæða. Við Kirkjuteig eru nú 20 bílastæði sem fækkar í 12 bílastæði. Að auki er 1 bílastæði fyrir vörumóttöku.
Við Gullteig eru nú 10 bílastæði sem eru með kvöð um afnot fyrir Gullteig 19. Þessum bílastæðum fjölgar í 42 bílastæði. Við Gullteig 19 eru 18 bílastæði sem eru með kvöð um afnot fyrir Kirkjuteig 24.
Fjöldi starfsmanna við Laugarnesskóla er nú 60. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna með nýrri viðbyggingu en leggja á niður bráðabirgðakennslustofur eftir að viðbyggingin verður tekin í notkun. Skólinn er í grónu hverfi, hluti starfsmanna býr í hverfinu og kemur fótgangandi í skólann.
4. Gert er ráð fyrir sleppistæði við Kirkjuteig í tengslum við skólatorg og aðalinngang.
5. Gerð er grein fyrir afmörkun lóðar leikskólans Hof, sem þegar hefur verið afmörkuð en ekki sýnd á gildandi deiliskipulagi, stærð verður nú 4484 m2 og nýtingarhlutfall 0,15. Lóð Laugarnesskóla verður nú 23.127 m2 og hámarksnýtingarhlutfall lóðar verður 0,25. Nýtingarhlutfall er reiknað án færanlegra kennslustofa, sem heimilt er að koma fyrir á lóð.

Eldri skilmálar gilda að öðru leyti óbreyttir.